**Til aðildarfélaga KSÍ**

*Reykjavík, 30. mars 2022*

**Efni: Óúttekin leikbönn í byrjun Íslandsmóts og Meistarakeppni KSÍ 2022**

KSÍ hefur tekið saman lista til upplýsinga fyrir félögin um þá leikmenn í meistaraflokki sem eiga eftir að taka út leikbönn vegna leikja á keppnistímabilinu **2021**. Sérstök athygli er vakin á því að gefnir eru út tveir listar, annars vegar fyrir Íslandsmót og Meistarakeppni KSÍ og hins vegar fyrir bikarkeppni KSÍ. Samskonar listi, vegna bikarkeppni KSÍ, hefur þegar verið sendur í tölvupósti á félögin. Á listunum eru leikmenn skráðir í þau félög sem þeir fengu leikbann með. Frá þeim tíma kunna þessir leikmenn að hafa skipt um félag og er því mjög mikilvægt að öll félög kynni sér listann bæði hvað varðar stöðu leikmanna frá 2021 og einnig stöðu leikmanna sem gengið hafa til liðs við félagið. Listarnir gefa **ekki** upplýsingar um óúttekin leikbönn í öðrum flokkum.

Úr reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál:
*12.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakeppni KSÍ annars vegar og hins vegar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram.*
*12.3. Ef leikmaður eða þjálfari á eftir að taka út agaviðurlög vegna brottreksturs þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi. Agaviðurlög vegna áminninga flytjast ekki á milli keppnistímabila. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlög vegna brottreksturs í nýjum aldursflokki.*

**Listarnir eru birtir með eftirfarandi fyrirvara:**
Allir úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar 2021 um leikbönn voru tilkynntir félögunum með tölvupósti. Ef leikmaður hefur ekki tekið út leikbann sitt 2021 vegna brottvísunar flyst leikbannið í fyrsta eða fyrstu leiki í Íslandsmóts, bikarkeppni eða Meistarakeppni KSÍ í viðkomandi flokki (nema leikmaðurinn fari upp um aldursflokk og flyst þá leikbannið með honum þangað). Þessi listi er því hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listarnir er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.

Ef aðildarfélög finna villu í listunum eða eru í vafa um leikbönn, er þau vinsamlega beðin um að hafa samband við Hauk Hinriksson á skrifstofu KSÍ, í síma 510 2912 eða í tölvupósti: haukur@ksi.is.

*Með kveðju,*
*f. h. KSÍ,*
Haukur Hinriksson

Hjálagt: Áðurnefndur listi

**Íslandsmót og Meistarakeppni KSÍ**

**FYIRIRVARI: LISTI ÞESSI ER HVORKI TILKYNNING UM LEIKBANN NÉ LEYSIR HANN LEIKMANN UNDAN LEIKBANNI HELDUR BER AÐ FARA EFTIR TÖLVUPÓSTI FRÁ AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND FRÁ 2021.**

***LEIKMENN OG ÞJÁLFARAR Í MEISTARAFLOKKI SEM VORU ÚRSKURÐAÐIR Í LEIKBANN 2021 OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU. LEIKMENN ERU SKRÁÐIR Í ÞAÐ FÉLAG SEM ÞEIR UNNU TIL REFSINGAR MEÐ EN GETA VERIÐ HLUTGENGIR MEÐ ÖÐRU FÉLAGI NÚ Í UPPHAFI MÓTS OG BER ÞEIM AÐ TAKA ÚT REFSINGU MEÐ ÞVÍ FÉLAGI.***

**Unnið úr gögnum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 2021 og leikjaskrá KSÍ frá 2021.**

**3 leikir**

| Nafn | Félag 2021 |
|---|---|
| Davíð Smári Lamude | Kórdrengir |
| Dusan Brkovic | KA |

**2 leikir**

| Nafn | Félag 2021 |
|---|---|
| Halldór Kristján Baldursson | Kría |
| Kjartan Henry Finnbogason | KR |
| Máni Snær Benediktsson | Uppsveitir |
| Þórður Ingason | Víkingur R. |

**1 leikur**

| Nafn | Félag 2021 |
|---|---|
| Angantýr Máni Gautason | Magni |
| Anton Helgi Jóhannsson | Tindastóll |
| Ásgeir Þorri Ingunnarson | Elliði |
| Birkir Rafnsson | Kría |
| Fannar Freyr Guðmundsson | ÍH |
| Hajrudin Cardaklija | Víkingur R. |
| Halldóra Birta Sigfúsdóttir | Valur Reyðarfirði |
| Kristófer Einarsson | Höttur |
| Jose Mariano Saez Moreno | Kormákur/Hvöt |
| Ólína Sif Hilmarsdóttir | Fjölnir |
| Samara De Freitas Martins Lino | Völsungur |
| Stefan Penchev Balev | Einherji |
| Sigurður Bjarni Aadnegard | Kormákur/Hvöt |
| Sæmundur Sven A Schepsky | Elliði |
| Theodór Sveinjónsson (þjálfari) | Fjölnir |

***LEIKMENN SEM FLYTJAST UPP Í MEISTARAFLOKK OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU VEGNA AGABROTA Í 2. FLOKKI 2021***

***LEIKBÖNN ÞESSI VERÐUR AÐ TAKA ÚT Í MEISTARAFLOKKI***

| **1 leikur** | |
|---|---|
| Nafn | Félag 2021 |
| Guðlaugur Rúnar Pétursson | Fram |